Aðalfundur hrossaræktarnefndar Spretts var haldinn í veislusal Samskipahallarinnar þann 7. nóvember 2026.
Fyrir fundinum liggja hefðbundin aðalfundarstörf

Dagskrá aðalfundar:

1. Setning aðalfundar, kosning fundarstjóra og fundaritara.
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar nefndarinnar kynntir og bornir undir atkvæði
4. Val á ræktunarmanni ársins, ræktunarbúi ársins og efstu hross í flokki 4-7 vetra hryssna og stóðhesta verðlaunaðir.
5. Önnur mál

Fundargerð aðalfundar:

1. **Setning aðalfundar, kosning fundarstjóra og fundaritara.**
   Formaður nefndarinnar setur fundinn og ekki koma fram athugasemdir um boðun fundarins, fundarstjóri setur fundinn.

   Stjórn hrossaræktarnefndarinnar skipa: Sigurður Ágústsson formaður, Lárus Sindri Lárusson, Auður Stefánsdóttir, Hermann Arason, Sveinbjörn Bragason og Guðni Hólm.
   Fundarstjóri var kjörinn Sigurður Ágústsson og fundarritari Auður Stefánsdóttir.

2. **Skýrsla stjórnar**
   Sigurður Ágústsson formaður nefndarinnar flutti skýrslu stjórnar

   Árið 2026 stóð kynbótanefnd Spretts fyrir nokkrum fræðandi viðburðum um hrossarækt fyrir áhugasama félagsmenn og verðlaunar þá ræktendur sem bestum árangri náðu með sín kynbótahross árið 2026.

   Þorrablót og uppboð á folatollum

   Uppboð á folatollum fór fram á þorrablóti félagsins í febrúar. Í ár voru boðnir upp tollar undir hestana, Svarta-Skugga frá Pulu, Eld frá Bjarghúsum, Adrian frá Garðshorni á Þelamörk og Þráinn frá Flagbjarnarholti. Allir þessir hestar eru eftirsóttir og tveir þeirra Adrian og Þráinn hlutu síðan heiðursverðlaun fyrir

afkvæmi á Landsmótinu á Hólum 2026.

Mikil stemning myndaðist fyrir þessu uppboði og söfnuðust 990.000 krónur.

Forskoðun kynbótahrossa

Hin sívinsæla “Forskoðun kynbótahrossa” fór fram í Spretti í mars og sem endranær var mikil aðsókn og komust færri að en vildu. Þetta er kjörið tækifæri til þess að fá vandaða og rökstudda endurgjöf á byggingu sinna hrossa frá Þorvaldi Kristjánssyni, ræktunarleiðtoga íslenska hestsins. Þó ekki sé hægt að spá fyrir víst með ung hross hvernig þau muni þróast og líta út að vori er dýrmætt að fá leiðbeiningar um hvaða þættir vega þyngst í byggingu hrossa sem mun nýtast í því að ákveða hvernig skynsamlegt væri að para hryssur og hesta með ákveðna erfðaþætti í byggingu. Þorvaldur gefur munnlega umsögn og punktar settir á blað um hvert og eitt hross. Með þessu hafa ræktendur tækifæri á að spyrja spurninga og fá skýringar úr frá dómaskala og þeim reglum sem eru í gildi.

Allnokkur hluti þeirra hrossa sem komu í forskoðunina komu síðan til dóms á kynbótasýningum vorsins og sumarsins.

Á Landsmótsárum má merkja tilhlökkun og spennu hjá ræktendum hvort þeirra hross nái lágmörkum inná mót. Það mátti glöggt sjá á fjölda þeirra hrossa sem komu til dóms og einnig fjölda þeirra hrossa sem komu oftar en einu sinni til dóms fyrir Landsmót í þeirri von að ná enn inn á mót. Töluverður fjöldi góðra hrossa voru svo einnig sýnd mið-sumars og síð-sumars sem hleypti enn frekara lífi í árið 2026.

Dymbilvikusýning

Hrossaræktarnefndin kom að Dymbilvikusýningu Spretts eins og fyrri ár. Fyrir hönd Spretts komu fram nokkur hópur hrossa ræktuð af Spretturum og mörg þeirra sýnd einnig af ræktendum. Okkur langar að halda þessu áfram og helst bæta aðeins í.

Starfið framundan

Ræktunarnefnd Spretts hefur átt í ágætu samtali við nýupprisna Ræktunarnefnd Fáks – og við ætlum að standa saman að nokkrum viðburðum á 2027 – þar ber helst að nefna hinn geysivinsæla lið –“Forskoðun kynbótahrossa” með Þorvaldi Kristjánssyni – sem haldið verður í Spretti í febrúar 2027, Námskeið í

byggingadómum, haldið í Fáki á vormánuðum – og svo langar okkur að endurvekja Ræktunarferð – þar sem farið verður að laugardagsmorgni austur fyrir fjall og hús tekið á nokkrum framúrskarandi ræktunarbúum og tamningastöðvum.

Þá er í deiglunni samstarf um svokallað Futurity mót – eða unghestakeppni. Þýsk landskeppnisgrein (IPZV) fyrir **ung keppnishross**, 5 og 6 vetra. Markmiðið er að meta hvort ungt hross hafi burði í erfiðari keppnisgreinar seinna, eins og T1/T2, V1 og F1. Hrossið þarf ekki að sýna fullkomna sýningu. Dómarar meta möguleikana, ekki fullmótaða frammistöðu. Ekki má nota stangir á slíkum sýningum, engin úrslit riðin, dómarar lýsa sýningunni munnlega meðan á stendur og áhersla er á takt, flæði, takt, útgeislun og hreyfieðli. Dómarar dæma bestu kaflana og tilfallandi taktgallar skipta ekki máli

3. **Reikningar nefndarinnar kynntir og bornir undir atkvæði**
   Fundarstjóri fór yfir ársreikning félagsins og bar upp til samþykktar. Samþykktur með öllum greiddum atkvæðum

4. **Val á ræktunarmanni ársins, ræktunarbúi ársins og efstu hross í flokki 4-7 vetra hryssna og stóðhesta verðlaunaðir.**

   Reglugerð Hrossaræktarfélags Spretts um árlega veitingu ræktunarverðlauna má sjá á heimasíðu Spretts. Veittir eru farandgripir fyrir efstu hross eftir kyni og aldri á árlegum aðalfundi nefndarinnar.

   Kynbótahross Spretts 2026

   98 hross voru sýnd sumarið 2026 af félagsmönnum Spretts (32 stóðhestar og 66 hryssur) og 27 þeirra náðu inn á Landsmót. Heildarfjöldi fullsýndra hrossa á Íslandi (hvert hross talið einu sinni) var 1.133. af þeim voru Sprettararæktuð hross 97, eða 8.5%

   8.5% er ekki mikið af heildinni – en magn er ekki sama og gæði og til staðfestingar á öflugu ræktunarstarfi í Spretti þá eru 21, af 80, hrossa sem tróna á topp 10 lista hvers árgangs og kyns – eða ríflega 25% - ræktuð af Spretturum, sem er frábær árangur. **Hross ræktuð af Spretturum eru í allra fremstu röð á landsvísu.**

   Heildarfjöldi sýninga hrossa í eigu Sprettara voru 134 – þar af 107 fyrir utan landsmót.
   RML hefur þá fengið um 4.3 milljónir króna frá Spretturum þetta árið.

   Það er gaman að glugga í hvaða stóðhestar hafa orðið fyrir valinu við ræktun þessara hrossa. Á bak við þessi 98 hross eru 51 feður. 7 þessara stóðhesta eru á

bakvið 40% þessara sýndu hrossa.

Sá hestur sem á flest sýnd afkvæmi hjá Sprettsfélögum er

Faðir	fæðingarár	Fjöldi afkvæma
Skýr frá Skálakoti	**‘07**	**10**
Adrían frá Garðshorni	**‘13**	**7**
Spuni frá Vesturkoti	‘06	5
Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum	‘13	5
Kveikur frá Stangarlæk 1	‘12	4
Lexus frá Vatnsleysu	‘09	4
Ljósvaki frá Valstrýtu	‘10	4

Blakkur frá Þykkvabæ 1, Hrannar frá Flugumýri 2, Loki frá Selfossi og Rauðskeggur frá Kjarnholtum 1 allir með 3 afkvæmi og aðrir stóðhestar eiga 1-2 afkvæmi.

Hrossin sem til greina koma þurfa að vera ræktuð af félagsmanni í hestamannafélaginu Spretti. **Áskilið er að sá sé skuldlaus við félagið.** Mikil vinna liggur að baki uppflettingum hrossa sýndum á árinu þar sem vegna persónuverndarlaga er ekki hægt að fletta upp kennitölum ræktenda né fá aðgengi að gögnum til hjálpar. Þessir listar eru því unnir eftir bestu vitund og getu með þeim fyrirvara að villur vegna mannlegra mistaka gætu alltaf hafa slæðst inn.

Heiðursverðlauna og fyrstu verðlauna hross ræktuð af Sprettsfélögum

Á árinu 2026 náði Framherji frá Flagbjarnarholti þeim árangri að fá heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Ræktandi hans er Sveinbjörn Bragason. Hryssan Spá frá Eystra-Fróðholti, fékk heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi, ræktandi Ársæll Jónsson.

Fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi fengu á árin:
Rauðskeggur frá Kjarnholtum ræktaður af Magnúsi Einarssyni
Gljátoppur frá Miðhrauni ræktaður af Ólafi Ólafssyni og Ingibjörgu Kristjándóttur
Blakkur frá Þykkvabæ ræktaður af Arnari Bjarnasyni.

Hvatningaverðlaun 2026

Hekla Rán Hannesdóttir hlýtur Hvatiningaverðlaun Spretts að þessu sinni fyrir að sýna Lokadótturina Þórkötlu frá Hamarsey í kynbótadómi síðsumars. Þórkatla er klárhryssa og var listavel sýnd – með 8.5 fyrir tölt, brokk, hægt stökk, samstarfsvilja, fet, hægt stökk – og 9 fyrir fegurð í reið. Hryssan fékk 8.20 fyrir sköpulag og 8.02 fyrir kosti.

Ræktunarmenn ársins

Hæst dæmda hross Spretts árið 2026 er Dalvar frá Efsta-Seli undan Lóu frá Efsta-Seli og Adrian frá Syðra Garðshorni á Þelamörk og er hann jafnframt hæst dæmdi 5 vetra stóðhestur frá upphafi. Hann hlaut hvorki meira né minna en aðaleinkunn uppá 9.04. Fyrir byggingu hlaut hann 9.06 og 9.02 fyrir hæfileika. Eru því Hilmar Sæmundsson og Daniel Jónsson Ræktunarmenn ársins 2026 hjá Spretti.

Ræktunarbú Spretts árið 2026

Eins og í fyrra voru það 20 bú sem uppfylltu skilyrði til að fá nafnbótina Ræktunarbú Spretts 2026. Aðaleinkunnir hrossanna eru leiðréttar fyrir aldri og kyni. Við útreikning á meðaleinkunn sýndra hrossa og samantekt á fjölda hrossa er aðeins horft til hrossa frá hverju búi sem ná 8.00 í aðaleinkunn (sem búið er að leiðrétta fyrir aldri og kyni) – lágmark er tvö hross. Þá er búum raðað upp eftir fjölda sýndra hrossa og leiðréttum aðaleinkunnum. Stig þessara þátta eru lögð saman fyrir hvert bú og raðað eftir skori. Ef ræktandi á hest sem fer í Heiðurs- eða fyrstu verðlaun eða hryssu sem hlýtur Heiðurverðlaun er það til hækkunar, bæði fyrir fjölda sýndra hrossa sem og til hækkunar á meðaltalseinkun búsins.

Sumarliðabær 2 er ræktunarbú Spretts 2026

Frá búinu voru sýnd **8 hross og er aldursleiðrétta meðaleinkunn uppá 8.63**. Hrossin eru á aldrinum 4ra vetra til 7 vetra. 7 hryssur og einn stóðhestur. Mörg þeirra stóðu í fremstu röð á Landsmótinu á Hólum 2026 og hlutu þar viðurkenningar. Hæst þeirra er Alda frá Sumarliðabæ með einkunnina 8.81.

Sýnd hross frá Sumarliðabæ 2:

ALDUR	HROSS	S	H	AE	FAÐIR	M
4 vetra hryssa	Tónlist	8.16	8.58	**8.43**	Þráinn frá Flagbjarnarholti	Flauta frá E
5 vetra hryssa	Bríet	8.64	8.42	**8.50**	Skýr frá Skálakoti	Sprengihöll
6 vetra hryssa	Alda	8.16	9.15	**8.81**	Álfarinn frá Syðri Gegnishólum	Bylgja frá E
6 vetra hryssa	Ragna	8.44	8.74	**8.64**	Rauðskegggur frá Kjarnholtum I	Bylgja frá E
6 vetra hryssa	Sóllilja	8.12	8.21	**8.18**	Stáli frá Kjarri	Spes frá Va
7 vetra hryssa	Nóta	8.49	8.93	**8.78**	Spuni frá Vesturkoti	Flauta frá E
7 vetra hryssa	Líf	8.47	8.57	**8.54**	Skýr frá Skálakoti	Sál frá Árm
7 vetra stóðhestur	Skuggi	8.46	8.78	**8.67**	Skýr frá Skálakoti	Bylgja frá E

Listi yfir þrjú efstu kynbótahross í Spretti eftir aldri og kyni, en allir ræktendur fengu verðlaun fyrir þessa kostagripi:

RAEKTANDI	HROSS	S	B	AE	FAÐIR
	7 vetra og eldri stóðhestar				
Birgir Már Ragnarsson/ Hjördís Árnadóttir/ Ragnar Þórisson	**Skuggi frá Sumarliðabæ 2**	8.46	8.78	**8.67**	Skýr frá S
Lilja Sigurlína Pálmadóttir	**Grásteinn frá Hofi á Höfðaströnd**	8.28	8.39	**8.35**	Fannar frá
Ketill Arnar Halldórsson	Reginn frá Lunansholti III	8.70	7.98	**8.23**	Ljósvaki f
	6 vetra stóðhestar				
Daníel Jónsson/ Hilmar Sæmundsson	**Dalvar frá Efsta-Seli**	9.06	9.02	**9.04**	Adrían frá
Sigurður Örn Ágústsson	**Fleygur frá Geitaskarði**	8.66	8.58	**8.61**	Adrían frá
Hannes Sigurjónsson / Inga Cristina Campos	**Viktor frá Hamarsey**	8.61	8.56	**8.58**	Dofri frá S
	5 vetra stóðhestar				
Garðar Hólm Birgisson	**Huginn frá Neðra-Seli**	8.40	8.78	**8.65**	Kveikur fr Álfaklettu
Sveinbjörn Bragason	**Frakkur frá Flagbjarnarholti**	8.33	8.68	**8.56**	Gegnishó
Kristinn Valdimarsson	**Kopar frá Laugarbökkum**	8.49	8.60	**8.56**	Draupnir
	4 vetra stóðhestar				
Ársæll Jónsson / Ragnheiður Hrund Ársælsdóttir	**Herskár frá Eystra-Fróðholti**	8.17	8.69	**8.51**	Óskastein
Björn Þór Björnsson	**Hansi frá Ljósafossi**	8.31	8.37	**8.35**	Hákon frá
Björn Þór Björnsson	**Tígull frá Ljósafossi**	8.57	8.12	**8.28**	Skýr frá S
	7 vetra og eldri hryssur				
Ársæll Jónsson / Ragnheiður Hrund Ársælsdóttir	**Sparta frá Eystra-Fróðholti**	8.16	9.35	**8.94**	Rauðskeg
Auður Stefánsdóttir	**Vala frá Vindási**	8.80	8.93	**8.89**	Adrían frá
Birgir Már Ragnarsson / Silja Hrund Júlíusdóttir	**Nóta frá Sumarliðabæ 2**	8.49	8.93	**8.78**	Spuni frá
	6 vetra hryssur				
Birgir Már Ragnarsson /Silja Hrund Júlíusdóttir	**Alda frá Sumarliðabæ 2**	8.16	9.15	**8.81**	Álfarinn f
Birgir Már Ragnarsson /Silja Hrund Júlíusdóttir	**Ragna frá Sumarliðabæ 2**	8.44	8.74	**8.64**	Rauðskeg
Valdimar Ómarsson / Silja Unnarsdóttir	**Sólmyrkva frá Álfhólum**	8.35	8.77	**8.62**	Kolgrímu
	5 vetra hryssur				
Kári Stefánsson	**Snilld frá Breiðholti í Flóa**	8.17	8.74	**8.54**	Ljúfur frá
Birgir Már Ragnarsson /Silja Hrund Júlíusdóttir	**Bríet frá Sumarliðabæ 2**	8.64	8.42	**8.50**	Skýr frá S
Björn Þór Björnsson	**Heiða frá Ljósafossi**	8.51	8.35	**8.41**	Veigar frá
	4 vetra hryssur				
Ævar Örn Guðjónsson /Hestar ehf	**Tíbrá frá Eystri-Hól**	8.09	8.75	**8.52**	Lexus frá
Birgir Már Ragnarsson /Silja Hrund Júlíusdóttir	**Tónlist frá Sumarliðabæ 2**	8.16	8.58	**8.43**	Þráinn frá
Valdís Björk Guðmundsdóttir	**Happadís frá Brekku**	8.51	8.35	**8.41**	Örvar frá

5. Önnur mál

Engin önnur mál rædd

Kópavogi / Garðabæ
Auður Stefánsdóttir

7. Nóvember 2026